



Velferðarráð Kópavogsbæjar
Björg Baldursdóttir

Kópavogi, 5. október 2023

Efni: Styrkbeiðni frá Stígamótum

Meðfylgjandi er erindi frá Stígamótum dagsett 30.08.2023 þar sem óskað er eftir áframhaldandi rekstrarstyrk frá Kópavogsbæ vegna ársins 2024.

Stígamót bjóða upp á viðtöl, netspjall, sjálfshjálparhópa og fræðslu til fólks sem hefur orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi ásamt öðrum verkefnum.

Undanfarin ár hefur Kópavogsbær styrkt Stígamót árlega um ákveðnar upphæðir. Á árinu 2023 var styrkurinn 1.000.000kr.

Í drögum að fjárhagsáætlun velferðarsviðs árið 2024 er gert ráð fyrir samtals 5 milljónum króna til styrktar félagasamtaka.

Lagt er til að Stígamótum verði veittur styrkur á árinu 2024 að upphæð 1.000.000kr.

Virðingarfyllt
f.h. velferðarsviðs Kópavogs,

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir
Verkefnastjóri velferðarsviðs

Fylgiskjal 1: Styrkbeiðni Stígamóta fyrir árið 2024.